

Aðgerðaáætlun í málefnum eldra fólks
2025-2026

Efnisyfirlit

1. Heildstæð þjónusta, hugmyndafræði og gildi	3
2. Þátttaka eldra fólks - notendasamráð	4
3. Upplýsingaflæði	5
4. Félagsleg þátttaka.....	6
5. Forvarnir og heilsuefning.....	7
6. Búsetuúrræði - lífsgæði	8
7. Samgöngur - umhverfi.....	9
8. Miðlun þekkingar.....	10
9. Tækni í velferðarþjónustu.	10
10 Sjálfbæðastarf samfélagsleg ábyrgð.....	12
11. Aðstandendur	13
12. Starfsfólk stuðnings- og öldrunarþjónustu.....	14

Stefna í málefnum eldri borgara

Stefna í málefnum eldri borgara í Garðabæ var samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 19. maí 2016. Í stefnunni kemur fram að málefni eldri borgara í Garðabæ eru mikilvægur grunnur að sterku og blómlegu samfélagi. Skýr framtíðarsýn þar sem unnið er markvisst að framþróun á breiðum vettvangi er snýr að lífsgæðum eldri borgara skiptir máli. Í vinnu við stefnumótunina sem gildir frá 2016-2026 var lagt upp með að skapa heildstæða sýn þar sem horft er á alla þjónustu Garðabæjar við eldri borgara sem eina heild svo og samstarf við aðra þjónustuveitendur sem einnig koma að þjónustu við eldra fólk. Í stefnunni er dregið fram hvaða málaflokkar í bæjarfélaginu hafa áhrif á líf og lífsgæði eldri borgara og áherslur bæjarfélagsins settar fram. Þar kemur einnig fram að mikilvægt er að stefnan sé lifandi og taki mið af samfélagslegri þróun, nýjustu þekkingu og þörfum íbúa hverju sinni.

Samhliða stefnunni var unnin aðgerðaráætlun fyrir árin 2017-2020, en nú lítur dagsins ljós endurskoðuð aðgerðaráætlun sem mun gilda frá 2025-2026 og hefur verið unnin undir forystu öldungaráðs Garðabæjar. Sú áætlun byggir í 12 köflum á stefnu í málefnum eldri borgara og er ætlað að skýra betur, markmið, aðgerðir, ábyrgð, framkvæmd og tímaramma þeirra aðgerða sem Garðabær mun vinna með í samráði við þá þjónustuveitendur sem einnig koma að þjónustu við eldra fólk.

1. Heildstæð þjónusta, hugmyndafræði og gildi

Til að geta veitt heildstæða og samfellda þjónustu og viðhaldið þróun og uppbyggingu hennar, þarf að greina þörfina fyrir þjónustu, tiltæka þjónustuveitendur og aðra þætti sem skipta þar máli. Tölfræðileg gögn eru forsenda þess að hægt sé að leggja mat á stöðuna í sveitarfélaginu svo og raunveruleg endurgjöf frá eldra fólki og aðstandendum þeirra. Lagt er til að áhersla verði lögð á öflun slíkra gagna og upplýsinga á tímabili aðgerðaráætlunar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Að tölfræðileg gögn og upplýsingar tengt þjónustu sveitarfélags til eldra fólks séu aðgengilegar	Eiga tiltækar upplýsingar um fjölda skjólstæðinga sem nýta stuðningsþjónustu og félagsstarf á félagsmiðstöðvum eldra fólks	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs	Einu sinni á ári
	Eiga tiltækar upplýsingar um fjölda þeirra sem nýta þjónustu dagþjálfunar	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Einu sinni á ári
	Leita eftir endurgjöf frá eldra fólki og aðstandendum til að meta hvort þjónustan endurspegli heildstæðar þarfir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Viðvarandi

2. Þátttaka eldra fólks - notendasamráð

Framlag eldra fólks til samfélagsins í Garðabæ, raddir þeirra, þekking og reynsla er auður sem er ein af grunnstoðum sveitarfélagsins. Sjónarmið þeirra skipta máli í þróun og uppbyggingu bæjarfélagsins. Lögð er áhersla á að gera framlag þeirra sýnilegt og efla þátttöku þeirra í nærsamfélaginu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Að bjóða upp á aðgengilegan farveg fyrir sjónarmið eldra fólks	Hugmyndakassar í húsnæði eldra fólks, til að taka á móti tillögum að verkefnum og ábendingar um hvað betur má fara í þjónustunni	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Umsjónarmaður félagsstarfs	Reglulega eða eftir þörfum
	Halda íbúðaping eldra fólks	Sviðsstjóri velferðarsviðs Samskiptastjóri	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Öldungaráð/Félög eldri borgara/	Haut 2025
Að kynna störf og verkefni þeirra sem vinna að málefnum eldra fólks innan bæjarins	Kynna hlutverk og verkefni öldungaráðs og starfsemi FEBG/FEBÁ	Öldungaráð	Öldungaráð Félög eldri borgara	Einu sinni á ári
	Tryggja setu eldra fólks í ráðum og nefndum bæjarins	Bæjarstjórn	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs	Að loknum sveitarstjórnar kosningum

3. Upplýsingaflæði

Markvisst aðgengi að upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu og leiðsögn um þjónustukerfið sé aðgengilegt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Að sveitarfélagið sé virkur þátttakandi í stafrænni þróun upplýsinga og framsetningar þeirra	Aðgengilegar upplýsingar um þjónustu fyrir eldra fólk á heimasíðu bæjarins og vísanir á aðra þjónustuaðila	Sviðsstjóri velferðarsviðs Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs	Samskiptastjóri Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu, umsjónarmaður félagsstarfs	Viðvarandi
	Upplýsingar um þjónustu birtar á skjá í félagsstarfi eldra fólks	Sviðsstjóri velferðarsviðs Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs	Samskiptastjóri Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu, Umsjónarmaður félagsstarfs	Viðvarandi

4. Félagsleg þátttaka

Leita skal leiða til auka félagslega þátttöku eldra fólks í fjölbreyttum verkefnum sem auka velferð og lífsgæði og draga úr einangrun og einsemd.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Auka þátttöku eldra fólks í félagsstarfi	Fjölbreytt félagsstarf fyrir mismunandi hópa eldra fólks	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu, Umsjónarmaður félagsstarfs Félög eldri borgara í Garðabæ	Viðvarandi
	Halda kynningar og veita upplýsingar um framboð á virknitengdum heilsueflandi úrræðum og hvetja til þátttöku	Sviðsstjóri velferðarsviðs Samskiptastjóri	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu, Umsjónarmaður félagsstarfs Samskiptastjóri Félög eldri borgara í Garðabæ	Einu sinni á ári
Að leita leiða til að draga úr félagslegri einangrun eldra fólks	Kortleggja hópa eldra fólks sem eru útsettir fyrir félagslegri einangrun Nýta rannsóknir og alþjóðlegar áherslur á sviði félagslegrar einangrunar Leggja drög að aðgerðum til viðspyrnu félagslegrar einangrunar	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu, Umsjónarmaður félagsstarfs Félög eldri borgara í Garðabæ	Haut 2025- Haut 2026

5. Forvarnir og heilsuefling

Líkamleg, andleg og félagsleg heilsa er undirstaða lífsgæða á efri árum. Lögð er áhersla á forvarnir, fræðslu, upplýsingar og aðgengi að heilsueflandi þjónustu fyrir eldra fólk.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Styrkja samvinnu og samstarf við aðila í forvörnum og heilsueflingu innan og utan sveitarfélags	Fræðsla um mikilvægi forvarna og heilsueflingar vellíðan og velferð	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu, Umsjónarmaður félagsstarfs	Viðvarandi
	Þátttaka í verkefnum sem snúa að forvörnum og heilsueflingu, s.s. forvarnaviku Garðabæjar	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Forvarnarfulltrúi	Þegar við á

6. Búsetuúrræði - lífsgæði

Stuðla skal að því að fólki verði gert kleift að búa heima hjá sér eins lengi og unnt er með viðeigandi stuðningi þjónustukerfa. Mikilvægt er að þjónustan sé byggð á skýrum markmiðum, veitt þegar hennar er þörf, á forsendum fólksins sjálfs og á réttu þjónustustigi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Að eldra fólk fái markvissan stuðning og samfellda þjónustu til búsetu á eigin heimili frá viðeigandi þjónustukerfum	Vinna að samþættri heimaþjónustu og heimahjúkrun í samræmi við verkefnið Gott að eldast Samstarf við Félags- og húsnæðismálaráðuneytið Samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs	Haut 2025/Vor 2026
	Innleiða notkun á matstæki (WHODAS) til að meta þörf fyrir stuðningsþjónustu	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings og öldrunarþjónustu	Vor 2026
	Prýsta á yfirvöld um að samþykkt almenn og sértæk dagdvalarrými á Hrafnistu Ísafold verði tekin í notkun hið fyrsta Samstarf við Hrafnistu Ísafold	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Sviðsstjóri velferðarsviðs Velferðarráð Öldungaráð	Haut 2025

7. Samgöngur - umhverfi

Samgöngur hafa mikil áhrif á búsetu fólks og lífsgæði. Til að stuðla að búsetu í heimahúsi sem lengst er brýnt að huga vel að samgönguúrræðum. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að stofnunum og stígum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Göngustígar aðgengilegir og öruggir	Aðgengilegur og uppfærður kortavefur sem sýnir gönguleiðir og staðsetningu bekkja	Sviðsstjóri umhverfissviðs	Umhverfissvið	Viðvarandi
Gott aðgengi að stofnunum og opnum svæðum	Unnið verði að úrbótum samkvæmt úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, stígum og stoppistöðvum	Sviðsstjóri umhverfissviðs	Umhverfissvið	Haut 2025/Vor 2026
	Við gerð nýrra göngustíga og við endurbætur á göngustígum og opnum svæðum sé hugað að staðsetningu bekkja	Sviðsstjóri umhverfissviðs	Umhverfissvið	Viðvarandi

8. Miðlun þekkingar

Eldra fólk í Garðabæ býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu sem áhugavert er að miðla á milli kynslóða. Garðabær vill stuðla að auknum samskiptum eldra og yngra fólks með miðlun þekkingar og reynslu á milli kynslóða

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Efla samskipti á milli yngri og eldri kynslóða	Formgera samstarf stjórnenda í félagsstarfi við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla	Sviðsstjóri velferðarsviðs Sviðsstjóri fræðslu og frístundasviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Grunnskólafulltrúi	Viðvarandi
	Að skólar og leikskólar hvetji til nemendaverkefna sem tengjast virkni eldra fólks	Sviðsstjóri velferðarsviðs Sviðsstjóri fræðslu og frístundasviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Grunnskólafulltrúi Leikskólafulltrúi	Viðvarandi
	Þjóða upp á ömmu og afakaffi í félagsmiðstöðvum á skipulagsdögum skóla og leikskóla	Sviðsstjóri velferðarsviðs Sviðsstjóri fræðslu og frístundasviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Grunnskólafulltrúi Leikskólafulltrúi	Á skipulagsdögum

9. Tækni í velferðarþjónustu.

Mikilvægt er fylgjast með framþróun og framförum í velferðartækni sem bætir lífsgæði og þjónustu við eldra fólk og kynna nýjungar á meðal þeirra aðila.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Nýta velferðartækni á markvissan hátt í velferðarþjónustu	Kynningar og fræðsla um nýjungar og notagildi í velferðartækni	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Félög eldri borgara	Vor 2026
	Greina hvernig velferðartækni nýtist eldra fólki til að aukinna lífsgæða og virkar þátttöku í daglegu lífi í samstarfi við heimahjúkrun	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Viðvarandi

10 Sjálfböðastarf samfélagsleg ábyrgð.

Sjálfböðastarf getur haft afar jákvæð áhrif á bæði einstaklinga og samfélög og getur skipt sköpum í framgöngu verkefna. Framlag eldra fólks til samfélagsins vegur þar þungt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Að hvetja til samstarfs við eldra fólks sem vill með sjálfböðavinnu leggja sitt af mörkum til samfélagslegra verkefna og auka lífsgæði eldri borgara	Eiga tiltæk verkefni fyrir áhugasama sjálfböðaliða	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Félög eldri borgara Samskiptastjóri	Viðvarandi
Gera starf sjálfböðaliða sýnilegt í samfélaginu	Birta myndir og umfjöllun um verkefni sjálfböðaliða	Sviðsstjóri velferðarsviðs Sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Umsjónarmaður félagsstarfs Félög eldri borgara Samskiptastjóri	Viðvarandi

11. Aðstandendur

Með hlutfallslegri fjölgun eldra fólks er hlutverk aðstandenda í umönnunarhlutverki vaxandi. Aðstandendur standa oft frammi fyrir fjölmörgum spurningum og nýjum verkefnum sem erfitt getur verið að takast á við. Upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðsla getur því skipt máli fyrir aðstandendur þegar eldra fólk þarf á auknum stuðningi þeirra að halda í daglegu lífi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Efla fræðslu og upplýsingagjöf til aðstandenda í samráði við aðra þjónustuveitendur	Aðgengi að einstaklingsmiðaðri öldrunarráðgjöf fyrir aðstandendur eldra fólks	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Alltaf í gangi
	Samvinna við aðra þjónustuveitendur og félagasamtök um fræðslu og ráðgjöf	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Vor 2026
	Tengja aðstandendur við viðeigandi stuðningshópa	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Viðvarandi

12. Starfsfólk stuðnings- og öldrunarþjónustu

Mannauður er lykill að framþróun og gæðum í öldrunar- og stuðningsþjónustu Garðabæjar. Lögð er áhersla á gefandi vinnuumhverfi þar sem þekking, reynsla og hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Að auka gæði í þjónustu- og umönnunarstörfum í öldrunarþjónustu	Áhersla á fagmenntun, og þjálfun mannauðs	Sviðsstjóri velferðarsviðs Mannauðsstjóri	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Þegar auglýst er eftir starfsfólki
	Samstarf við þjónustuveitendur um fræðslu og þjálfun mannauðs sem starfar í öldrunarþjónustu	Sviðsstjóri velferðarsviðs Mannauðsstjóri	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu	Alltaf í gangi
	Kynning á störfum innan öldrunarþjónustu og mikilvægi þeirra fyrir samfélagið	Sviðsstjóri velferðarsviðs Mannauðsstjóri	Forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu Samskiptastjóri	Alltaf í gangi